


# Páskar

Páskar er heiti á einni mestu hátíð í kristnum sið. Tilefnið er upprisa Jesú en kristið fólk trúir því að hann hafi risið upp frá dauðum á þriðja degi eftir að hann var krossfestur.

Mánudagurinn eftir páska, annar í páskum, er almennur frídagur á Íslandi.

**Dymbilvika** er vikan á undan páskum og hefst á **pálmasunnudegi** en þann dag reið Jesús á asna inn í Jerúsalem til að halda páska gyðinga. Margir fögnuðu honum með því að veifa pálmagreinum. Á fimmtudeginum borðaði Jesús með lærisveinum sínum í síðasta sinn og er það nefnt síðasta kvöldmáltíðin. Dagurinn er nefndur **skírdagur** vegna þess að Jesús þvoði fætur lærisveina sína fyrir máltíðina, en skír í þessu samhengi þýðir hreinn. Á **föstudaginn langa** var Jesús krossfestur og hann dó og var færður í gröf sem steinn var fyrir. Á **páskadag** uppgötvaðist að Jesús var ekki lengur í gröfinni því að hann hafði risið upp frá dauðum. Kristið fólk heldur þess vegna páskadaginn sem gleði og fagnaðardag, Jesús lifði þrátt fyrir að hafa verið tekinn af lífi á krossinum. Samkvæmt Biblíunni birtist Jesús mörgum eftir upprisuna allt fram að **uppstigningardegi** 40 dögum eftir páska, þá steig hann til himna og situr þar við hægri hönd Guðs. Uppstigningardagur er alltaf á fimmtudegi og það er líka frídagur.

Venjulega þegar við hugsum um páska hugsum við um frí, súkkulaðiegg, kökur og mat, páskaskraut og ferðalög. **Páskaegg**, **páskaliljur** og **páskaungar** minna á nýtt líf, vorkomu og hafa egg í gegnum tíðina verið tákn um frjósemi og endurfæðingu. Í gegnum aldirnar voru páskaegg máluð hænuegg. Súkkulaðiegg hafa verið allsráðandi í seinni tíð og á Íslandi tíðkast það að börn fá súkkulaðiegg fyllt með sælgæti og **málsháttur** í egginu þykir ómissandi.



## Hér eru dæmi um nokkra málshætti:

Ekki er allt gull sem glóir.

Að hika er sama og tapa.

Enginn verður óbarinn biskup.

Kapp er best með forsjá.

Morgunstund gefur gull í mund.

Sælla er að gefa en þiggja.

Sinn er siður í hverju landi.

Það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast.

Nýir siðir koma með nýjum herrum.

Blindur er bóklaus maður.

Enginn veit sína ævina fyrr en öll er.

**Svaraðu spurningunum:**

Hvað kallast vikan á undan páskum? \_\_\_\_\_

Á hvaða degi reið Jesús á asna inn í Jerúsalem? \_\_\_\_\_

Á hvaða degi borðaði Jesús síðustu kvöldmáltíðina? \_\_\_\_\_

Á hvaða degi var Jesús krossfestur? \_\_\_\_\_

Á hvaða degi reis Jesús upp frá dauðum? \_\_\_\_\_

Hvað finnst börnum gott að fá á páskunum? \_\_\_\_\_

Hvað minnir okkur á nýtt líf og vorkomu? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Veldu þér 3 málshætti á síðunni á undan og skrifaðu þá upp:**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Hvað þýða þessir málshættir?**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_